



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

Skýrsla landssambandsforseta

Delta Kappa Gamma

2015–2017

Eygló Björnsdóttir
forseti DKG
2015–2017

Í dag er Delta Kappa Gamma á Íslandi starfandi í 13 deildum eftir að ný deild var stofnuð innan landssambandsins 2. apríl 2017. Nýja deildin hlaut nafnið Ný og eru stofnfélagar 18 konur af Norðvesturlandi. Samkvæmt nýjustu tölum í félagatalinu eru félagar nú 331. Á aðalfundi 10. maí var ný stjórn kosin til tveggja ára og í henni sitja: Eygló Björnsdóttir Betadeild, forseti, Kristín Jónsdóttir Gammadeild, 1. varaforseti, Sigríður Johnsen Kappadeild, 2. varaforseti, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild, ritari og Inga María Ingvarsdóttir Þetadeild, meðstjórnandi. Guðbjörg M. Sveinsdóttir Þetadeild, fyrrum landssambandsforseti starfaði með stjórn. Auk hennar störfuðu með stjórn Auður Torfadóttir Etadeild sem lögsögumaður og Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild sem gjaldkeri.

Stjórnarfundir

Alls voru haldnir 10 stjórnarfundir á tímabilinu. Þar sem stjórnarkonur eru dreifðar um landið voru flestir þeirra haldnir í gegnum samskiptaforritið SKYPE, en þó tókst okkur líka að halda fáeina fundi þar sem allar gátu verið augliti til auglits. Í flestum tilfellum tókust fjarfundirnir vel, þó einstaka sinnum væru hnökrar á. Þetta er þó samskiptamáti sem við verðum að tileinka okkur og æfa okkur í að nota svo allir hafi sömu möguleika til stjórnarstarfa hvar á landinu sem þeir búa. Á milli funda voru við í stöðugum tölvusamskiptum og einnig var Facebooksíða stjórnar notuð fyrir samskipti.

Framkvæmdaráðsfundir

Tveir framkvæmdaráðsfundir voru haldnir á tímabilinu. Í framkvæmdaráði eiga sæti stjórn landssambandsins, lögsögumaður og gjaldkeri auk formanna allra deilda. Fyrri fundurinn var haldinn á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar laugardaginn 12. september frá kl. 10:00–15:00. Þar var ný stjórn samtakanna kynnt auk þess sem formenn deilda kynntu sig en fulltrúar frá 11 deildum sátu fundinn. Kynnt var skipan í nefndir, bæði íslenskar og erlendar og Auður Torfadóttir sagði stuttlega frá starfi sínu í alþjóðlegu laganeftindinni. Farið var yfir hlutverk framkvæmdaráðs og helstu verkefni formanna rifjuð upp. Framkvæmdaáætlun stjórnar var kynnt og einkunnarorð tímabilsins sem er *Verum virkar–styrkjum starfið*. Hvorutveggja var samþykkt að umræðum loknum. Einnig kynnti Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild alþjóðlega starfið og styrkjamöguleika. Þá lagði gjaldkeri fram rekstraráætlun næstu tveggja ára sem var samþykkt. Rætt var um vef samtakanna og helstu skyldur formanna og deilda gagnvart honum og að lokum voru umræður í hópum þar sem eftirfarandi atriði voru rædd: Framkvæmdaáætlun, einkunnarorð tímabilsins, væntingar til landsambandsstjórnar, hvernig styrkjum við deildirnar? Hvernig stuðlum við að betri mætingu á fundi deilda? Hvernig aukum við þátttöku í þingum og viðburðum landsambandsins? Hvernig eflum við virkni félagskvenna? Hvernig tryggjum við vöxt og viðhald deilda? Niðurstöðum hópanna var skilað í lokin og ritari tók þær saman og birti í fundargerð.

Seinni fundurinn var haldinn í húsnæði Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 10. september 2016, klukkan 9:30–15:30. Fulltrúar frá öllum deildum nema einni sátu fundinn. Fundarmenn kynntu sig og formenn, sem í vor tóku allir við stjórn sinna deilda, sögðu lítillega frá sinni deild og væntingum um starfið framundan. Farið var yfir hlutverk framkvæmdaráðs og framkvæmdaáætlun kynnt nýjum formönnum. Einnig var farið yfir helstu hlutverk nefnda, bæði innlendra og alþjóðlegra, og styrkjamöguleikar kynntir. Jensína gjaldkeri landssambandsins fór yfir hlutverk gjaldkera í deildum og hlutverk og ábyrgð formanna varðandi peningamálin. Ingibjörg Einarsdóttir formaður í Gammadeild fjallaði um í hverju starf formanna deilda felst og hvað þyrfti helst að hafa í huga til að starf deilda væri blómlegt.

Að lokum var fjallað um vef samtakanna. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs má finna á vef samtakanna.

Starfsáætlun

Fyrir fyrri framkvæmdaráðsfundinn 2015 setti stjórnin saman drög að framkvæmdaáætlun sem kynnt var á fundinum. Einnig var gerð tillaga að einkunnarorðum sem voru: *Verum virkar–styrkjum starfið*. Á fundinum gafst fundarkonum færi á að ræða þetta í hópum og koma með tillögur og ábendingar. Megináhersla var á að auka virkni félagskvenna og styrkja þannig starfið innan deildanna. Deildirnar eru „hjarta“ félagsins og innra starf þeirra sá grundvöllur sem starfið hvílir á. Þó ef til vill hafi ekki öll markmið áætlunarinnar náðst, unnu deildir vel og náðu flestum þeirra. Framkvæmdaáætlunin er á vef samtakanna.

Deildastarfið

Stjórnin lagði áherslu á að vera í góðum tengslum við allar deildir. Forseti landssambandsins heimsótti flestar deildir á tímabilinu og eina þeirra í gegnum forritið SKYPE. Þá heimsótti fyrrverandi landssambandsforseti eina deildina. Til stendur að „heimsækja“ Eta og Lambdadeild gegnum SKYPE núna í maímánuði. Á fundum kynnti forseti það sem helst var á baugi í starfinu hverju sinni bæði hér heima og í alþjóðastarfinu, hvatti félagskonur til virkni og svaraði fyrirspurnum og tók þátt í umræðum. Forseti gaf út fréttabréf sem sent var formönnum mánaðarlega. Í því voru upplýsingar um flest það er viðkom starfinu bæði hér heima og á alþjóðavísu. Bent var á skilafresti um eitt og annað er tengist starfinu og að hverju helst þurfi að huga á hverjum tíma.

Nefndir

Menntamálanefndin sá um að skipuleggja fræðsludagskrá bæði á vorþinginu 2016 og landssambandsþinginu 2017. Á vorþinginu var yfirskriftin *Fjölmennig og samtakamáttur* og var gerður góður rómur að dagskránni. Yfirskrift landssambandsþingsins er Forysta og faglegt lærdómssamfélag og er þar boðið upp á áhugaverða fyrirlestra. Formaður nefndarinnar var Sigríður Herdís Pálsdóttir í Zetadeild en aðrar nefndarkonur voru: Ruth Magnúsdóttir Zetadeild, Jenný Gunnbjörnsdóttir Mýdeild, Birna María B. Svanbjörnsdóttir Mýdeild (2015–2016) og Guðný Sigríður Ólafsdóttir Mýdeild (2016–2017)

Félag- og útbreiðslunefnd hefur séð um að uppfæra félagatalið reglulega í samvinnu við vefstjórnann Eygló Björnsdóttur. Einnig yfirfór nefndin handbókina og gerði lítilsháttar lagfæringar, aðallega á orðalagi. Stærsta verkefni nefndarinnar var þó að undirbúa stofnun nýrrar deildar á Norðvesturlandi, Ný deildar, sem stofnuð var á Blönduósi 2. apríl 2017. Við bjóðum félagskonur í Nýdeild hjartanlega velkomnar í hópinn og óskum nefndinni til hamingju með þennan árangur. Þá sá nefndin um samskipti við alþjóðaskrifstofu, bæði í tengslum við stofnun deildarinnar og vegna upplýsinga um hluti er tengjast félagaaðildinni. Formaður nefndarinnar var Sigríður Guttormsdóttir Epsilondeild en aðrar nefndarkonur voru Sigríður Guðnadóttir Epsilon og Elín Margrét Magnúsdóttir Betadeild.

Laganefnd fór yfir lög og reglugerðir og gerði lítilsháttar breytingar á orðalagi á núverandi útgáfu þeirra. Engar tillögur voru gerðar um breytingar á lögum og reglugerð á tímabilinu. Formaður laganefndar var Steinunn Guðmundsdóttir Iotadeild en aðrar nefndarkonur voru Halldóra Jónsdóttir Deltadeild og Bryndís Guðmundsdóttir Þetadeild.

Samskipta- og útgáfunefnd gaf út fjögur fréttabréf sem voru bæði efnismikil og áhugaverð. Þar var fjallað um starf deilda og viðtöl tekin við konur innan samtakanna bæði um persónuleg málefni og efni sem tengist starfinu innan félagsins. Nokkuð er síðan ákveðið var að gefa fréttabréfin einungis út á netinu en í þannig formi að hægt sé með auðveldum hætti að prenta þau út. Góð samvinna hefur verið milli nefndarinnar og vefstjóra um útgáfuna. Formaður samskipta- og útgáfunefndar var Sólborg Alda Pétursdóttir Kappadeild en aðrar nefndarkonur voru Sigrún K. Magnúsdóttir og Valgerður Magnúsdóttir einnig í Kappadeild.

Námsstyrkjanevnd tók á móti umsóknum um námsstyrki vorið 2017. Tvær konur sóttu um styrkinn og yfirfor nefndin umsóknirnar. Þar sem báðar umsóknirnar uppfylltu öll skilyrði var ákveðið að skipta styrknum jafnt milli beggja umsækjanda. Styrknum var samkvæmt venju úthlutað á landssambandsþinginu. Formaður námsstyrkjanevndar var Sigrún Ásta Jónsdóttir Betadeild en aðrar nefndarkonur voru Ágústa Unnur Guðmundsdóttir Etadeild og María Steingrímsdóttir Betadeild.

Uppstillingarnefnd var kosin á aðalfundi vorið 2015. Nefndin auglýsti eftir konum í nýja stjórn, uppstillingarnefnd og endurskoðendur í byrjun janúar 2017. Formaður uppstillingarnevndar var Ingibjörg Jónasdóttir en aðrar nefndarkonur voru Marta Guðjónsdóttir Alfadeild og Guðríður Sigurðardóttir lotadeild. Skoðunarmenn reikninga fyrir tímabilið 2015–2017 voru kosnir Hafdís Sigurgeirsdóttir Etadeild og Árný Elíasdóttir Gammadeild.

Alþjóðlegar nefndir

Tímabilið 2014–2016 voru eftirtaldar konur í alþjóðlegum nefndum:

Constitution Committee: Auður Torfadóttir, Etadeild

Educational Excellence Committee: Guðný Helgadóttir, Gammadeild

Educators Award Committee: Dagbjört Ásgeirsdóttir, Mýdeild

European forum: Krístrún Ísaksdóttir, Gammadeild

Membership Committee: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild (frá 2014–2018)

Scholarship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfadeild

World Fellowship Committee: Eygló Björnsdóttir, Betadeild

Tímabilið 2016–2018 eru eftirtaldar konur í alþjóðlegum nefndum:

Communication and Publicity committee: Kristín Helga Guðmundsdóttir Etadeild,

Editorial Board: Kolbrún Pálsdóttir, Lambdadeild

Educational Excellence Committee: Steinunn Ármannsdóttir, Alfadeild

Educators Award Committee: Anh-Dao Katrin Tran, Gammadeild

European forum: Kristín Jónsdóttir, Gammadeild

Golden Gift Fund Committee: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild

Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild (frá 2014–2018)

World Fellowship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfadeild

Ég þakka öllum nefndarkonum, bæði í nefndum landssambandsins og erlendum nefndum, fyrir vel unnin störf. Skýrslur frá nefndunum eru á vef samtakanna.

Námskeið

Árið 2012 kom landssambandið af stað sérstökum leiðtoganámskeiðum sem kölluð hafa verið

DKG stjarnan. Tilgangurinn var að efla forystuhæfni DKG kvenna bæði innan samtakanna og almennt. Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild setti saman námskeiðin og heldur þau fyrir þær deildir sem eftir því leita. Landssambandið hefur styrkt námskeiðahaldið með því að borga ferðakostnað. Námskeiðunum hefur verið vel tekið þar sem þau hafa verið haldin en á tímabili núverandi stjórnar hefur engin deild óskað eftir að fá námskeiðin.

Vefur

Eygló Björnsdóttir Betadeild, hefur verið vefstjóri samtakanna frá árinu 2007 og gegndi hún því embætti áfram þetta tímabil meðfram störfum landssambandsforseta. Stjórnin ákvað snemma á stjórnartímabilinu að láta uppfæra vefforritið sem vefurinn er skrifaður í og láta einnig gera hann þannig úr garði að hann sé auðveldur aflestrar í snjallsímum og spjaldtölvum. Jafnframt var ákveðið að kaupa nýtt lén fyrir vefinn og verður slóðin á hann í framtíðinni: <http://dkg.is>. Þessari vinnu er að ljúka núna á vordögum 2017 og verður nýr vefur opnaður strax að landssambandsþingi loknu. Stefna h/f á Akureyri hefur hýst vefinn okkar þessi ár og þjónustað hann án endurgjalds og eru þeim færðar miklar þakkir fyrir.

Afmælishald

Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að taka ákvörðun um það hvort haldið skyldi upp á það 7. nóvember 2015 að þá væru liðin 40 ár frá því að DKG var stofnað hér á Íslandi með stofnun Alfadeildar. Við höfum í langan tíma miðað afmæli landssambandsins við 28. mars 1977 en í byrjun júní barst okkur póstur frá alþjóðasamtökunum þar sem okkur var óskað til hamingju með afmæli landssambandsins þetta haust. Í bréfinu kom fram að í skjölum þeirra væri stofnun íslenska landssambandsins dagsett 7. nóvember 1975 um leið og Alfadeild var stofnuð, eða eins og segir í bréfinu: „*There can be no Chapter without a state organization hence the Founders of Icelandic State Organization were also charter members of Alpha Chapter when they were initiated that day. Officially Iceland State Organization is listed in the Society's Go-To_Guide and other documents as founded on November 7, 1975.*“ Einhvern tímann á langri leið virðast skilgreiningar hafa breyst, því sannarlega kom formaður útbreiðslunefndar alþjóðasamtakanna Dr. Inez Jeffrey hingað til Íslands vorið 1977 til að stofna Beta- og Gammadeild og þar með landssambandið að því að talið hefur verið hingað til. Tekin var sú ákvörðun að reyna að hafa bæði ártöl í heiðri, boða til afmælishófs þetta haust en setja okkur jafnframt það markmið að gera árið 2017 eftirminnilegt á einhvern hátt. Þann 7. nóvember 2015 var því blásið í afmælisúðra. Haldið var málþing sem bar yfirskriftina *Unga nútímakonan*. Að málþinginu loknu var móttaka í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu þar sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tók á móti hópnum og lauk afmælinu með hátíðarkvöldverði þar sem félagskonur skemmtu sér saman. Góð mæting var á viðburðinn en um 90 konur mættu. Til að gera árið 2017 eftirminnilegt ákvað stjórnin að setja sér það takmark fyrir landsambandsþing 2017 að stofna nýja deild innan samtakanna og uppfæra jafnframt vefinn okkar til að hann standist frekar kröfur nýrrar tækni. Hvoru tveggja er orðið að veruleika.

Þinghald

Vorþingið var haldið í Setbergsskóla í Hafnarfirði laugardaginn 30. apríl 2016. Gamma- og Lambdadeild sá um að undirbúa þingið ásamt stjórnarkonum og menntamálanefndin skipulagði faglegu dagskrána. Yfirskrift þingsins var *Fjölmennning og samtakamáttur* en málefni innflytjenda og flóttafólks hefur verið í brennidepli undanfarin misseri. Undir þessum hatti voru fluttir nokkrir mjög áhugaverðir fyrirlestrar sem gerður var góður rómur að. Tveir

erlendir gestir heimsóttu okkur og fluttu ávarp en það voru þær Donna-Faye Madhosingh svæðisfulltrúi Kanada sem var fulltrúi alþjóðasamtakanna og Carol Kraus frá Bandaríkjunum sem kom sem fyrirlesari á vegum International Speakers Fund. Á þinginu voru seldir happadrættismiðar og var dregið í happadrættinu í lok dags. Vinningar voru gjafir sem samtökunum bárust á afmælinu haustið 2015 en það var ósk gefenda að hlutirnir yrðu notaðir í einhverskonar „uppboð“ og ágóðanum varið til að styrkja gott málefni. Stjórnin ákvað að styrkja félagið Vinir Perú en Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild er stofnandi félagsins. Tilgangur þess er að styrkja efnalítil börn þannig að þau komist í skóla, njóti lestrarkennslu og hafi bækur til að lesa.

Landssambandsþing var haldið í húsnæði Menntaskólans á Akureyri 6.–7. maí 2017. Beta- og Mýdeild sáu um undirbúninginn ásamt landssambandsstjórn og menntamálanefndin skipulagði fræðilegu dagskrána. Yfirskrift þingsins er *Forysta og faglegt námssamfélag*. Flutt voru mörg áheyrileg erindi og bæði fyrir og eftir hádegi skiptu fundarkonur sér í hópa og ræddu þau efni sem fjallað hafði verið um. Að lokinni fræðilegri dagskrá á laugardeginum var boðið upp á kvennasögugöngu um Innbæinn á Akureyri sem endaði í móttöku á vegum Akureyrarbæjar í Ketilhúsinu á Akureyri. Að móttöku lokinni var sýningin *Sköpun bernskunnar 2017* skoðuð undir leiðsögn sýningarstjóra. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður snæddur á Icelandair hótelinu á Akureyri þar sem flutt voru skemmtiatriði í umsjá félagskvenna. Tveimur konum var veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf fyrir félagið; þeim Áslaugu Brynjólfsdóttur í Alfadeild og Sigrúnu Jóhannesdóttur í Deltadeild. Á sunnudeginum var aðalfundur með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Beverly Helms fyrrum alþjóðaforseti var fulltrúi alþjóðasambandsins á þinginu og hélt hún erindi á laugardeginum undir hatti yfirskriftar þingsins auk þess sem hún flutti okkur pistil frá alþjóðasambandinu á sunnudeginum.

Evrópuþing var haldið í Borås í Svíþjóð 5.–8. ágúst 2015. Landssambandsforseti sat þingið ásamt 12 öðrum íslenskum konum og sótti þar leiðtoganámskeið alþjóðasamtakanna. Flestar íslensku konurnar voru með fyrirlestra eða höfðu öðrum hlutverkum að gegna á þinginu og stóðu sig allar mjög vel.

Alþjóðþing var haldið í Nashville Tennessee í Bandaríkjunum 5.–9. ágúst 2016. Landssambandsforseti sat þingið fyrir hönd DKG á Íslandi en auk hennar sátu þingið Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir Alfadeild. Þingið var lærdómsríkt og skemmtilegt með viðamikilli dagskrá frá morgni til kvölds þar sem forseti hefur ýmsum skyldum að gegna fyrir sitt landssamband.

Samfélagsleg verkefni

Þann 3. september 2015 var afrekasýning kvenna á Íslandi opnuð í Ráðhúsinu í Reykjavík. Þar var afreka kvenna, stórum og smáum, persónulegum og pólitískum, opinberum og óopinberum gerð skil með fjölbreytilegum hætti. Sérstakur áhugi var fyrir öllu sem tengist kvennabaráttunni, og voru hvers kyns munir sem tengdir eru kvennasamtökum, stofnun þeirra og starfsemi sérstaklega vel þegnir. Stjórn landssambandsins fékk boð um að taka þátt í sýningunni og tók Kristín Jónsdóttir Gammadeild, 1. varaforseti, að sér verkefnið fyrir hönd stjórnar og sá um að setja upp bás á sýningunni með ýmsum munum sem tengjast sögu félagsins.

Stjórn landssambandsins fékk beiðni frá Kvenréttindafélagi Íslands um að vera þátttökuaðili að kvennafrídegi sem haldinn yrði mánudaginn 24. október þar sem konur leggðu niður

vinnu og fylktu liði til samstöðufundar í Reykjavík og á nokkrum stöðum öðrum á landsbyggðinni undir kjörorðinu KJARAJAFNRÉTTI STRAX! Einnig voru samtökin beðin um frjálst fjárframlag svo hægt væri að kvikmynda viðburðinn og varðveita þannig til framtíðar. Stjórn landssambandsins ákvað að verða við þessari beiðni og styrkja einnig framtakið með 30.000 krónum.

Haustið 2015 birtist viðtal við landssambandsforseta í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá því að samtökin voru stofnuð hér á Íslandi. Einnig fór landssambandsforseti ásamt Sigurhönnu Salómons dóttur stofnfélaga í Betadeild í viðtal á sjónvarpsstöðinni N4 af sama tilefni.

Vörur

Landssambandsstjórnin 2013–2015 endurnýjaði lagerinn af lyklakippum með merki samtakanna sem listamaðurinn Philippe Ricart óf. Einnig lét hún sérprenta spil með rósinni sem er tákn samtakanna. Sá lager er enn til og hægt að panta hjá gjaldkera landssambandsins. Gjaldkeri sér líka um að eiga til nælur, inntökuskjöl og annan varning sem deildir þurfa helst á að halda og sér um sölu á þeim.

Lokaorð

Ég þakka stjórnarkonum, fyrrum forseta, lögsögumanni og gjaldkera fyrir gott og óeigingjarnt starf, sömuleiðis formönnum deildanna. Þær hafa verið samtaka og allar unnið gott starf fyrir samtökin. Sömuleiðis vil ég þakka þeim fjölmörgu félagskonum öðrum sem komu að starfi landssambandsins þetta tímabil, hvort sem það var í formi vinnuframlags eða góðra ráðlegginga. Það væri of langt mál að telja þær allar upp hér, en við metum störf þeirra mikils og erum þakklátar fyrir þeirra framlag.